

S A M Þ Y K K T**fyrir vatnsveitufélagið Fall í Skeiðahreppi í Árnessýslu.****1. gr.**

Félagið heitir Vatnsveitufélagið Fall. Heimili þess og varnarþing er í Skeiðahreppi í Árnessýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru ábúendur býlanna: Vorsabær 1, Vorsabær 2, Efri-Brúnavellir 1, Efri-Brúnavellir 2, Syðri-Brúnavellir, Húsatóftir 1, Húsatóftir 2, Nýbýli Húsatóftir 1, Hlemmiskeið 1, Hlemmiskeið 1a, Hlemmiskeið 2, Hlemmiskeið 3, Hlemmiskeið 5. Auk þess barnaskólinn Brautarholt, sundlaug og almenningsþvottahús.

Hver stofnandi greiði 2000 krónur í stofngjald og telst hann ekki fullgildur félagsmaður fyrr en það stofngjald er greitt.

4. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um félagssvæðið og vatnsæðar að húsvegg.

5. gr.

Hver félagsmaður á rétt á vatni til heimilisnotkunar og búsparfa og til annarra nota, sem venjulegar eru að dómi félagsstjórnar.

Félagsskylda er því skilyrði háð, að húseiganda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur til afnota.

6. gr.

Ef býlum fjölgar á félagssvæðinu, má taka ábúendur þeirra í félagið með samþykki lögmæts félagsfundar.

Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvíla til jafns við aðra félagsmenn frá því að hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

7. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverjum húseiganda á félagssvæðinu, sem vatns nýtur úr vatnsveitunni. Skal félagsstjórnin tiltaka upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar vatnsveitunnar og til viðhalds.

Vatnsskatt má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum með greiðslu hans til félagsins.

Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum er gert að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

8. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef 5 félagar eða 2 stjórnarmeðlimir krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

9. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið bréflaga eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

10. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréflaga eða persónulega. Aðalfundur er lögmætur, ef $\frac{3}{4}$ félagsmanna sækja hann. Hafi þrisvar verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír menn í stjórn félagsins og þrír til vara. Kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara — allir til eins árs í senn.

Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf skal þess getið í fundarboði.

11. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfundar og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerðina í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

12. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og vatnsæðum. Umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér, undir eftirliti félagsstjórnar.

13. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af vatnsveitufélaginu Falli í Skeiðahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. desember 1962.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.